



Fundargerð/punktur starfshóps um jafnréttisstefnu – Annar fundur

Mætt voru: Guðlaug Kristjánsdóttir, Óskar Steinn Ómarsson, Kristinn Andersen og Berglind G. Bergþórsdóttir. Valgerður Fjölfnisdóttir boðaði forföll.

- BGB gerði grein fyrir hvaða upplýsingar hún fékk hjá Jafnréttisstofu, þ.e. jafnréttisáætlun og framkvæmdaáætlun er það saman og að okkur beri að skila slíkri áætlun til Jafnréttisstofu.
- GK gerir ráð fyrir að beiðni um hvernig síðustu jafnréttisáætlun/stefnu var fylgt eftir fari fyrir næsta fund bæjarráðs.
- Ákveðið var að styðjast við texta frá KA til að búa til tilkynningu til ráðanna og fyrir vefinn. GK ætlar að gera drög að fréttatilkynningu og senda okkur eftir helgi. Ákveðið að tilkynning hópsins á vefnum verði á ensku og pólsku.
- Þurfum að endurskoða stefnuna samhliða því sem við útbúum framkvæmdaáætlun.
- Hugmyndir um það sem við erum að gera og gæti átt heima í jafnréttisáætlun: jafnlaunastaðall, Hinseigin fræðsla, sjóður til að ípróttafélögin geti tekið á mótí fötluðum iðkendum o.fl.
- BGB kallar eftir upplýsingum á sviðsstjórafundi næsta mánudag um hvað hefur verið gert fram að þessu, hvað er í deiglu og hvað þarf að gera í framtíðinni. Biðja sviðsstjóra að skila gögnum í lok fyrstu viku janúarmánaðar.
- Rætt var um viðburði á vegum bæjarins og aðgengi fyrir fatlað fólk, t.d. heimahátíðina, þar eru viðburðir í heimahúsum en ekki aðgengi fyrir fatlaða.
- Táknmálstúlkur var á íbúafundinum, ættum að einsetja okkur að vera alltaf með táknmálstúlk á sambærilegum viðburðum á vegum bæjarins.
- Þurfum að huga að auðlesu efni. Ekki allir með getu til að lesa flókinn texta. Þýða mikilvægar tilkynningar á ensku og pólsku.
- Vefurinn sé gerður aðgengilegri íbúum af erlendum uppruna með ítarlegri þýðingum en eru í boði. Gætum líka sett tengil inn á google translate eða forrit sem túlkar. Skoða vefinn okkar m.t.t. þess hvort við erum með talgervil.
- Þegar við höldum málþing á vegum bæjarins þarf að huga að kynjahlutföllum framsögufólks.
- Einn liður í að innleiða og veja athygli á jafnréttisstefnunni væri að setja setningu í erindisbréf bæjarins um stefnuna.
- Gæta að talsmönnum minnihlutahópa þegar er verið að fjalla um þeirra málefni, þ.e. að boða þá á viðburðia.
- Skoða þátt mannauðsmála í jafnréttisáætlun t.d. markmið um kynjahlutfall í stjórnendastöðum.
- Rætt var um merkingar á opinberum stöðum bæði með íbúa af erlendum uppruna í huga og kynjasjónarmiðin. Umhverfis- og skipulagssvið þyrfti að koma að þeirri vinnu.



HAFNARFJÖRÐUR

17.12.2015

- Verkefnið fyrir næsta fund: allir í hópnum þurfa að lesa jafnréttisstefnuna og koma með athugasemdir.